



KÓPAVOGSBÆR

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1270
komudagur 29. 1. 2008

Mál # 0712104
28. janúar 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn bæjarráðs Kópavogs um Frumvarp til laga um grunnskóla, þskj. 319 – 285. mál.

Á heildina litið er ofangreint frumvarp til bóta fyrir grunnskólafræðslu í landinu og sérstaka athygli vekja ýmis ákvæði um aukið frelsi og ákvarðanarétt hjá sveitarfélögum og í skólunum sjálfum. Hins vegar er ljóst að frumvarpið felur í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin sem reka skólana. Mikilvægt era ð þvíð sé að semja um hvernig þeim kostnaðarauka er mætt áður en frumvarpið verður að lögum. Athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins eru tilgreindir hér að neðan:

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um markmið. Hér er ekki gert ráð fyrir að grunnskólinn fullnægi undirbúningi einstaklingsins út í lífið. Heldur er áhersla lögð á að grunnskólinn stuðli að þátttöku einstaklingsins í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Undirritaður saknar fyrri áherslu og telur að skoða hefði átt lengingu skólaskyldu í 18 ár til þess að koma fyrir menntun sem seljanleg væri á almennum vinnumarkaði.

3. gr. Frumvarpsins fjallar um skólaskyldu. Sá sveigjanleiki sem fram kemur í þessari grein er til mikilla bóta fyrir einstaklingsmiðaðar áherslur í skólastarfi.

5. gr. Í greinagerð koma fram mjög gagnleg atriði er varða vistanir og fósturbörn. Þessi grein er mjög hnitmiðuð og gagnleg þar sem hún tekur á alltof algengum vandamálum.

7. gr. Aukið umboð skólastjóra til ákvörðunar um stjórnunarhætti er mikilvæg viðbót.

12. gr. Símenntun. Undirrituðum finnst óeðlilegt að lögbinda framlag til símenntunar. Auk þess er það óeðlilegt að Alþingi feli samvinnuvettvangi sveitarfélaga ákveðin verkefni svo sem sjóðsstofnun eins og kveðið er á í 3ju málsgrein. Eðlilegt hlýtur að teljast að símenntun sé hluti af kjarasamningum og að einstök sveitarfélög geti notað símenntunartækifæri sinna starfsmanna sem samkeppnistæki til að laða til sín góða starfsmenn.

17. gr. Í greinagerð kemur fram að; “í frumvarpinu er talað um sérúrræði grunnskóla en ekki sérdeildir en áfram er talað um vistun í sérskóla.” Mjög gagnleg áhersla.

V. kafli, Foreldrar. 2. setning í 18. gr. er óþörf. Að öðru leiti er þessi kafli mjög þarfur og tilgreindar skyldur foreldra mjög gagnlegt innlegg. Undirritaður leggur til að þær áherslur á skyldur foreldra sem tiltekna eru í greinagerðinni komi skýrar fram í lagagrein frumvarpsins.

Í 20. gr. er tiltekið “að sveitarfélög skuli hafa víðtækt samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins um hugmyndafræði við hönnun húsnæðis” og mun það eflaust verða til bóta.

25. gr. Í þessari grein er fjallað um árangursviðmið. Undirritaður telur að hér séu um þarfar áherslur að ræða sem þurfi að þróast þannig að fræðsluskylda taki við af skólaskyldu í áföngum.

26. gr. Hér er áréttað um hluti sem voru komnir inn í endurskoðun sem tók gildi við upphaf síðasta árs. Mjög mikilvægt fyrir sveigjanleika í skólastarfi.

27. gr. Hér er ekkert minnst á til hvers námsmat á að nýtast skólastarfi. Það mætti jafnvel álykta sem svo að vitnisburð megi ekki nota innan skólans t.d. þegar einn kennari tekur við nemandanum af öðrum kennara.

28. gr. Ákvæði um 180 skóladaga var kjarasamningsbundið ákvæði. Að setja þetta ákvæði í lög getur hugsanlega kallað á endurskoðun kjarasamninga.

40. gr. Hér er fagnaðarefni að áhersla skuli efla á það hvort sérfræðiþjónusta hefur skilað árangri eða ekki. Þetta ákvæði mun verða til þess að gera sérfræðiþjónustu marksæknari en nú er.


Greinilegt er að auka á umfang sérfræðiþjónustu frá fyrri reglugerð og lögum. Það leiðir af sér að endurskipuleggja þarf þjónustuna t.d. ef sérfræðiþjónustan á að hafa forgöngu um samstarf við hina ýmsu aðila og einnig ef veita á starfsfólki skóla handleiðslu sem lýtur að andlegri og líkamlegri velferð þeirra.

Lagt er til að sérfræðiþjónusta skili tillögum til skólastjóra um hvernig bregðast skuli við eftir að greining liggur fyrir, fylgist með úrbótum og meti árangur. Þetta getur verið snúið í framkvæmd þar sem í tillögunum getur verið ósk um aukin fjárútlát, t.d. að nemandi skuli fylgja stuðningsfulltrúi eða hann fái viðbótar sérkennslu. Í Kópavogi hafa skólastjórar fengið til skólanna allt það fjármagn sem ætlað er til þess að sinna nemendum og þeir bera ábyrgð á ráðstöfun þess. Sérfræðiþjónustan getur því aðeins komið með tilmæli um þjónustu en framkvæmdin er í höndum skólastjóra.

Í síðustu málsgrein 40. greinar er nefnt að foreldrar geti kært synjun á greiningu. Oft er þessu öfugt farið, þ.e. foreldrar vilja stundum ekki samþykkja að greining fari fram. Hvernig á að snúa sér í slíkum málum? Er það barnaverndarmál, þ.e. að foreldrar bregðist þá foreldraskyldum sínum.

Á heildina litið er þetta frumvarp til laga um grunnskóla mjög athyglisvert og mun án efa efla og auðvelda ýmsa þætti skólastarfs. Með því að færa ábyrgð í auknum mæli til sveitarfélaga og til skólanna sjálfra er undirritaður sannfærður um að einstakir skólar muni koma fram með nýjungar sem verði öðrum hvatnig og eftirbreyttni. Einnig eru áherslur á innra- og ytra mat mjög athyglisverðar með tilliti til gagnsemi ólíkra aðferða í skólastarfi.

Virðingarfyllst.



Árni Þór Hilmarsson
Framkvæmdastjóri fræðsluviðs



Páll Magnússon
Bæjarritari